

Endurmenntun  
2018

---



## *Leiðarinn formáli*

Samspil knapa og hests skal vera grundvallarviðmið í dómum. Knapinn á að fara með hestinn af nærgætni, sanngirni og virðingu; vera sannur leiðtogi hans fremur en drottnari. Hann verður ávallt að láta velferð hestsins sitja í fyrirrúmi, standa vörð um öryggi hans og heilbrigði. Hesturinn á að geta sinnt verkefni sínu af gleði; vera mjúkur og slakur - en jafnframt öruggur, áhugasamur og vakandi.

**Meginregla:** við dómstörf er sú skylda dómara að leggja óvilhált, jafnvægt og sanngjarnt mat sem gerir heildarsýningunni góð skil.

**Tilgangur:** Leiðarinn er hjálpargagn sem gerir dómurum kleift að dæma í anda þess grundvallarviðmiðs og þeirrar meginreglu sem getið er að framan.

# Lykilatriði

Leiðarinn byggir á einstaka völdum lykilatriðum sem hafa verður í huga þegar lagt er jafnvægt mat á frammistöðu í hestaíþróttum. Þessi lykilatriði eru:

- Reiðfærni og samband
- Taktur og jafnvægi
- Mýkt og slökun
- Form og hreyfingar
- Útfærsla

## Eldveggir

Taka verður öll lykilatriðin með í matið og skal **meginreglan vera sú að gæði eins atriðis geta ekki vegið upp alvarlega galla á öðrum atriðum.** Til þess að hindra að svo gerist eru eldveggir á milli hinna ýmsu ákvæða sem sett hafa verið fyrir hvert lykilatriði.

Eldveggirnir leiðbeina dómaranum um þau einkunnamörk sem standa til boða og því er ekki hægt að sniðganga þá.

# Almenn leiðsögn

Grundvallarviðmiðið, eins og það er tilgreint hér að ofan, er einnig almenn leiðsögn um mat á gæðum reiðmennsku. Til viðbótar skal reiðfærni einnig ákvarðast af tækni knapans, jafnvægi og tímasetningu. Reiðmennskan skal einkennast af léttleika og næmni en ekki af kröftum og óhóflegri pressu. Öll sýningin skal endurspeglar kunnáttusamlega þjálfun knapa og hests sem og gaumgæfilegan og sanngjarnan undirbúning.

## Ábyrgð dómara

Leiðarinn getur ekki gefið nákvæm svör við öllum þeim spurningum sem upp kunna að koma í dómstörfum. Slíkt rit væri nánast óvinnandi. Það er því skylda hvers dómara að viðhalda og bæta þekkingu sína á þeim greinum hestafræðanna sem leiðarinn byggir á. Með því móti ætti dómurum að vera mögulegt að dæma í anda leiðarans í flestum tilfellum.

# Taktur og jafnvægi / Mýkt og slökun

**Hægt TÖLT Almennt:** Hesturinn fer á hreinum fjórtakti sem flæðir í gegnum líkamann í jöfnum hrynjanda. Yfirlínan er hvelfd og spennulaus og bakið virkt. Hesturinn kreppir lend og afturfætur bera þyngd í lengri tíma. Hesturinn gengur upp í herðar, hreyfingar framhluta eru léttar og frjálssar. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak, virkan afturhluta, mjúkur og með góðu gegnumflæði.



	Slök sýning	1	1,5	2	2,5	3	Sýning í tæpu meðallagi	3,5	4	4,5	5	Sýning í rúmu meðallagi	5,5	6	6,5	Góð sýning	7	7,5	8	Frábær sýning	8,5	9	9,5	10
<b>Reiðfærni/ Samband</b>	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband.				Greinileg mistök í reiðmennsku. Vandamál varðandi samband. <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>						Reiðmennska yfirleitt góð. Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna.						Frábært samspil knapa og hests. Mjög gott samband. Úrvals reiðfærni.							
<b>Taktur / Jafnvægi</b>	Mjög slæmur taktur, tapar gangtegunð margsinnis, mjög ójöfn skref.						Takt- og jafnvægisvandamál			Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál.			Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd. Öruggur, heldur gangi.											
<b>Mýkt / Slökun</b>	Mjög mikill stirðleiki eða spenna.						Stirðleiki eða spenna. Heftar hreyfingar.						Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur.			Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar								

## FET Almennt

Hesturinn fer í jöfnum og hreinum **fjörtakti**, tekur löng skref, er mjúkur og röskur í spori. Háls hestsins skal vera langur, yfirlínan hvelfd og spennulaus. Hesturinn hefur góða spyrnu, bakið er fjaðrandi og hreyfingin gengur í gegnum bolinn.

Slök sýning 0 0,5 1 1,5 2 2,5 3 3,5 4 4,5 5 5,5 6 6,5 7 7,5 8 8,5 9 9,5 10

Sýning í tæpu meðallagi Sýning í rúmu meðallagi Góð sýning Frábær sýning

<p><b>Reiðfærni/ Samband</b></p>	<p>Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband</p>	<p>Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband</p> <p><i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i></p>	<p>Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna</p>	<p>Frábært samspil knapa og hests. Mjög gott samband Úrvals reiðfærni.</p>
<p><b>Taktur / Jafnvægi</b></p>	<p>Mjög slæmur taktur, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref, taumhelti</p>	<p>Takt- og jafnvægisvandamál</p>	<p>Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál</p>	<p>Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd. Öruggur, heldur gangi.</p>
<p><b>Mýkt / Slökun</b></p>	<p>Mjög mikill stirðleiki eða spenna</p>	<p>Stirðleiki eða spenna Heftar hreyfingar</p>	<p>Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur</p>	<p>Mikil mýkt, gengur vel í gegnum sig, óheftar hreyfingar.</p>

# BROKK – hægt og að milliferð Almennt

Hesturinn fer á hreinum **tvítakti** sem flæðir í gegnum líkamann í jöfnum hrynjanda og hefur greinlegt svif. Háls hestsins skal vera hvelfdur, yfirlínan virk og spennulaus. Hesturinn hefur góða spyrnu, bakið er fjaðrandi og hreyfingin gengur í gegnum bolinn.

Slök sýning 0 0,5 1 1,5 2 2,5 3 3,5 4 4,5 5 5,5 6 6,5 7 7,5 8 8,5 9 9,5 10

Sýning í tæpu meðallagi Sýning í rúmu meðallagi Góð sýning Frábær sýning

<b>Reiðfærni/ Samband</b>	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband	Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>	Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna	Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni
-------------------------------	--	--	--	---

<b>Taktur / Jafnvægi</b>	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svíf, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref.	Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svíf	Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál	Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svíf. Óruggur, heldur gangi.
------------------------------	---	---	---	--

<b>Mýkt / Slökun</b>	Mjög mikill stirðleiki eða spennan	Stirðleiki eða spennan Heftar hreyfingar	Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur	Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar
--------------------------	------------------------------------	---	---------------------------------------	--

# STÖKK –hægt og að milliferð Almennt

Hesturinn fer á hreinum **þrítakti** sem flæðir í gegnum líkamann í

jöfnum hrynjanda og hefur greinlegt svif.

Hesturinn á að hvelfa yfirlínu

og kreppa lend og bera þyngd með afturfótum í lengri tíma.

Hreyfingar framhluta skulu vera léttar, háar og frjálssar.

# SKEIÐ –á hringvelli Almennt

Hesturinn fer á **tvítakti**, er kraftmikill, hefur greinlegt svif og góða opnar kverk. Í sviffasa skeiðsins teygjast hliðstæðir fram- og afturfætur langt fram og hliðstæðir fætur gagnstæðrar hliðar teygjast langt aftur

Slök sýning      Sýning í tæpu meðallagi      Sýning í rúmu meðallagi      Góð sýning      Frábær sýning

0    0,5    1    1,5    2    2,5    3    3,5    4    4,5    5    5,5    6    6,5    7    7,5    8    8,5    9    9,5    10

<b>Reiðfærni/ Samband</b>	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband	Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband  <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>	Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna	Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni
<b>Taktur / Jafnvægi</b>	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svíf, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref.	Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svíf	Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál	Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svíf. Öruggur, heldur gangi.
<b>Mýkt / Slökun</b>	Mjög mikill stirðleiki eða spennan	Stirðleiki eða spennan Heftar hreyfingar	Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur	Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar